

Fjármálaráðuneytið

Ásta Láru Leósdóttur,
starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins,
Arnarhvíli við Lindargötu, 150 Reykjavík.

Námsvist hjá DA haustið 2009

Hjartagæska og rigning eru það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég hugsa til tímans hjá DA í Þrándheimi. Rigning - vegna þess að það var úrhelli alla daga nema einn. En vatnsveðrið var hressandi, veran í Þrándheimi var stórkostleg, lærdómsrík og gefandi. Ég var umvafin hlýju og fágætri gestrisni starfsmanna DA. Það er sú reynsla sem lifir með mér.

Námsdvöl mín hjá DA byggðist á áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um skiptidvöl norrænna embættismanna. Í henni felst að embættismenn á Norðurlöndum geta fengið leyfi til dvalar hjá systurstofnun í öðru landi en þeir starfa í, að uppfylltum skilyrðum um samþykki beggja stofnana. Samþykki vinnuveitanda míns, dómstólaráðsins á Íslandi, og Tor Landbach, direktör DA, var auðfengið. Ég, eiginmaður minn og 4 ára tvíburastrákar okkar héldum til Þrándheims um miðjan september sl. Við leigðum okkur yndislegt sumarhús niður við Þrándheimsfjörð í fjórar vikur og okkur leið öllum vel. Ég þekkti ofurlítið til DA áður en ég kom. Ég hef starfað sem framkvæmdastjóri fyrir íslenska dómstólaráðið frá árinu 2000 og hef á þeim tíma tekið þátt í árlegum fundum yfirmanna norrænu dómstólastjórnsýslunnar og hafði einu sinni komið til Þrándheims á fund.

Námsvist mín er afar vel og fagmannlega skipulögð af hálfu stofnunarinnar. Næstum hver mínúta var nýtt. Ég er þakklát öllum þeim sem að skipulaginu komu og er ljóst að þar lá að baki mikil vinna og metnaður. Starfsfólk DA hló hjartanlega að hinni þéttriðnu dagskrá, aðeins tvo morgna milli 8 og 8.30 í fjögurra vikna dagskrá var gert ráð fyrir “egenstudier,” aðrir tímar voru bókaðir fyrir fundi, frá því snemma morguns og fram á kvöld.

Ég dáðist að hve skipulega dagskráin var unnin. Eftir frumkynningu tóku við tvær hringferðir og þessi þaulhugsaða spíralkynning gaf djúpsýn til starfa DA. Fyrsta daginn fékk ég almenna kynningu á starfsháttum DA. Ég átti góðan fund með forstjóranum sem kynnti mér stefnu stofnunar og stjórnar. Síðar þann dag fundaði ég svo með framkvæmdastjórunum átta. Allir fóru yfir verkefni sinna deilda á 30 mínútna fundum til að kynna skipulag og helstu verkefni. Í næstu viku þar á eftir átti ég síðan fundi með þeim í 3 til 4 tíma hverjum fyrir sig. Þar á eftir heimsótti ég hverja deild í heilan dag og hafði næði til að fara í sauma og grandskoða vinnulag og verkefni hvernar deildar. Starfsmenn deildanna fóru yfir það sem þeir unnu að, hver og einn í 45 mínútur. Þá heimsótti ég Trondheims Tingsrett og Frostatings Lagmannsrett, naut gestrisni yfirmanna dómstólanna í heilan dag og fékk innsýn í rekstur og skilvirka stjórn dómstólanna. Þá var ég svo heppin að fá að sitja námskeið í erfaringer av den nye tvisteloven og hlýddi á hádegisfyrirlestur forseta Hæstaréttar um lífið í réttinum.

Vegna þess hve allt var í góðum skorðum vissi ég frá upphafi hvernig dagskrá yrði, hvern ég kæmi til með að hitta og hvar. En það verður að viðurkenna að fyrstu dagana var ég uppgefin. Margt var sagt, ég hitti marga á hverjum degi og sótti marga fundi. Mállýskur Norðmanna urðu sérstakt viðfangsefni. Það krefst mikillar einbeitingar að setja sig inn í nýtt tungumál. Ég hafði aldrei fyrr starfað í norsku málumhverfi og því ekki glímt við margar útgáfur af einföldum orðum. Jafnvel orð eins og “ykkur” má segja á ótrúlega margvíslegan hátt í Noregi! Svo var framburðurinn mér ekki auðskiljanlegur. En viðmælendur mínir voru jákvæðir og tóku vel ef ég náði ekki flóknum málum með hraði. Þá var endurtekið þar til allir voru með á nótum. Í ljós kom að hjá DA ríkir ekki aðeins framúrskarandi fagmennska heldur er þar einstakt mannval fólks sem var reiðubúið að leggja á sig byrðar langt umfram skyldu og allaf með gleði.

Það er hollt fyrir embættismenn að stíga úr fyrir hring sinn til endurskoðunar, bera saman eigin starf og starfshætti sinnar stofnunar við það sem gert er í systurstofnun. Mér varð þetta afar mikilvæg og merkileg ferð. Ég fékk næði til að bera saman norsku dómstólalögjöfina við hina íslensku og bera saman vinnulag dómstólana á Íslandi og Noregi. Mér var það og er stöðugt umhugsunarefni að í DA eru 80 starfsmenn en við erum faliðuð í systurstofnuninni, stöðugildin á Íslandi aðeins 1,7. Lögbundin verkefni eru nánast þau sömu og en sérhæfingin er augljóslega meiri í Noregi. Tengsl voru mynduð, allir spurðu og vildu ræða mun og líkindi, hvernig við Íslendingar leystum ákeðin verkefni. Löggjög beggja þjóða er lík um margt en við Íslendingar getum lært margt af norsku dómstólunum. Þau atriði sem eru mér efst í huga: Gegnsæi, fagmennska, úrvinnsla tölfræðiefnis, reiknilíkan um mannaflapörf, málsmeðferðartími, þjónustuvitund og hæfismál. Ég fer því vel nestuð heim, með fjölda hugmynda norska dómstólakerfisins sem er til fyrirmyndar. Þessi tími var mér ómetanlegur og námsdvölin sem samþjappað doktorsnám.

DA er góður vinnustaður og mér leið vel. Húsnæðið er bjart og gegnsætt og fólkið var einstaklega gefandi. Engin munur var á þjónustulipurð hvort sem spurt var um eitthvert ákvæði dómstólalaga, um tölvukerfið eða hvað hægt væri að gera um helgar í Þrándheimi með 4 ára börnum. Svo þegar farið var yfir stöðu dómstóla á Íslandi voru viðbrögðin skýr og klár. „Við komum ykkur til aðstoðar ef þið hafið hag af.” Svo sendi DA erindi til dómstólaráðs á Íslandi, stórmannlegt boð um aðstoð við íslenska dómstóla á mesta álagstíma dómstóla í sögu Íslendinga, boð um sérfræðiaðsoð á öllum sviðum. Og sem tákni um afstöðu kom pakki í hendur mínar þegar ég fór úr húsi DA síðasta daginn. Upp úr honum komu handþrjónaðir vettlingar með áttblaða rósum. Þeir ylja hendur mínar í íslenskri rigningu og vetrarkulda og minna á hressandi frændur í austri. Norsk gestrisni, norsk vinátta, norsk fagmennska og styrk hönd vinátta. Ekkert er gleymt og DA hefur eignast vini í vestri. Ég þakka fyrir mig og fyrir hönd íslenskra dómstóla.

Elín Sigrún Jónsdóttir,
frankvæmdastjóri dómstólaráðs